

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 6.06.2007:

Mættir: J., A. og E.; R. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

- Nýjum meðlimum nefndarinnar afhent eintak af Handbókinni og innihald möppunnar kynnt fyrir þeim, svo og starfsemi og hlutverk nefndarinnar. Þau munu fara yfir innihald möppunnar í rólegheitum.
- Rætt var lítillega um sumar starfið og þá hugmynd, að fara eitthvað út á landsbyggðina með kynningarfund, ef til vill í samvinnu við LPN.
- Elías ætlar að hafa samband við SSR og heyra hvað upplýsingarnefnd hennar er með í gangi og hvort þeir ætli ekki að senda tengil frá sér inn á fundi Upplýsingarnefndar LPN.
Einnig ætlar hann að athuga hvort hann getur útvegað okkur tengil við Vestfjarða-svæðið.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 4.07.2007**, kl. 20:00 á heimili Oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Sumarstarfið.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 4.07.2007:

Mættir: J. og I.; Ei., E. og R. boðuðu forföll.

Vegna þess hve fámennur fundurinn var, urðu þar ekki miklar umræður. Hins vegar hlustuðu fundarmenn á einn af frumkvöðlunum þrem segja frá stofnun AA-samtakanna á Íslandi og fyrsta fundi þeirra.

Þær fregnir bárust af E., að hann hafi farið á fund hjá SSR, en þar voru þá að verða mannskifti í ýmsum hlutverkum. Ætlar hann að mæta þar aftur á fundi og athuga hvort þeir ætli ekki að senda tengil frá sér inn á fundi Upplýsingarnefndar LPN.

Einnig ætlar hann að athuga hvort hann getur útvegað okkur tengil við Vestfjarðasvæðið.

Ýmislegt bendir til þess, að fundasókn verði ekki sérlega lífleg yfir sumarmánuðina, sérlega ekki meðan veður verða svo blíð sem undanfarið. Verðum við því að vona að störf nefndarinnar tvíeflist þegar haustar, eða þá er vetur gengur í garð.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 1.08.2007**, kl. 20:00 á heimili 6oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Sumarstarfið.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 1.08.2007:

Mættir: J. og E.

Fundurinn var fámennur og gerðist þar fátt frásagnarvert, mest tveggjamannatal. Engar ákvarðanir teknar.

Helst virðist þessi litla fundarsókn renna stoðum undir þá kenningu, að sumarið og sólin dragi verulega úr áhuga manna á fundarsetum

Næsti fundur Upplýsingamefndar LPN: **Miðvikudaginn 5.09.2007**, kl. 20:00 á heimili Oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Vetrarstarfið.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 5.09.2007:

Mættir: J. og E.; Ei. boðaði forföll.

Vegna lélegrar mætingar á fundinum varð hann að mestu tveggjamannatal og gerðist þar fátt frásagnarvert. Enngar ákvarðanir teknar.

Nú er komið fram á haust og styttist í vetur. Vonandi glæðist þá fundarsóknin.

Næsti fundur Upplýsingamefndar LPN: **Miðvikudaginn 3.10.2007**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Vetrarstarfið.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 3.10.2007:

Mættir: E., I. og J.; AÓ., Ei. og R. boðuðu forföll.

Fyrir fundinum lá bréf frá ÖÓ. þar sem hún harmar að vegna persónulegra aðstæðna hefur hún ekki haft tæk á að mæta á fundum Upplýsingarnefndar og sér ekki framá að geta það á þessu starfstímabili. Nefndarmönnum finnst leitt að heyra það, en hafa fullan skilning á aðstæðum hennar og óska henni alls hins besta. Þar sem ekki eru kosnir neinir varamenn í nefndina og kjör til starfa í nefndinni fer aðeins fram einu sinni á ári í tengslum við Þjónusturáðstefnu telst A.Ó. meðlimur nefndarinnar út kjörtímabilið.

Ýmis mál voru rædd á fundinum og voru þessi helst:

- Tækifærið til kynningar AA í kynningarbási á afmælisfundi SÁÁ, sem ekki var nýtt. Töldu fundarmenn það miður og að, ef rétt hefði verið á haldið, hefði verið hægt að nýta það til þess að skýra fyrir þeim er fundinn sóttu þann grundvallar mun, sem er á SÁÁ annars vegar og AA hins vegar. Og hvernig það er algjörlega andstætt erfðavenjum AA-samtakanna að rugla þessu saman og í raun hættulegt bæði fyrir AA og skjólstæðinga SÁÁ.
- Vakin var athygli á forsíðufrétt í Morgunblaðinu sunnudaginn 30. september sl. þar sem AA. og SÁÁ er ruglað saman enn eina ferðina. J. falið að semja uppkast að bréfi til ritstjórnar Morgunblaðsins og benda á þennan rugling og leiðréttu hann. Senda uppkastið til nefndarmanna til umsagnar áður sent verður.
- Upplýsingarnefnd LPN reyni í vetur að virkja samstarfsnefndir í Reykjavík og Reykjanesi til samstarfs um stað- og svæðisbundnar upplýsingarnefndir.
- E. ætlar að reyna að fá hingað á fundi Uppl.n.LPN fastan tengil frá SAAS svo sem var.
- Reyna í vetur að ná persónulegum tengslum við aðrar deildir úti á landsbyggðinni með það fyrir augum að koma þar upp stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 7.11.2007**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Vetrarstarfið áframhaldandi umræða.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 7.11.2007:

Mættir: Á., E., I., J. og R.; AÓ. og Ei. boðuðu forföll.

Ýmis mál voru rædd á fundinum og voru þessi helst:

- J. samdi bréf til ritstjórnar Morgunblaðsins vegna ruglings á AA-samtökunum og SÁÁ. Hnýtti aftan í það ítrekun á eðli erfðavenju nafnleyndar og óskum um að fjölmiðillinn gætti þess að brjóta ekki nafnleyndina gagnvart AA-félögum, sem hann kann að fjalla um. Slík nafnleyndarbrot hafa þó endurtekið sig og þarf því að fylgja betur eftir kynningu til fjölmiðla um þýðingu erfðavenju nafnleyndar og óskum um að þeir brjóti hana ekki á AA-félögum í umfjöllun um þá.
- Rætt um væntanlega nýja heimasíðu AA-samtakanna og þær vonir, sem við hana eru bundnar.
- Á. mætti frá SAAS sem tengill við upplýsingarnefndina. Starfsemi upplýsingarnefndar SAAS hefur legið niðri um tíma. Vonandi tekst að hlaupa hana í gang aftur fljótlega. E. ætlar að aðstoða við það. Á. mun mæta áfram á fundi Upplýsingarnefndar LPN þar til annar fulltrúi kemur frá SAAS.
- R. ætlar að reyna að finna efnivið í Reykjanesbæ til myndunar stað-/svæðisbundinnar upplýsingarnefndar þar.
- AA-samtökunum á Íslandi barst erindi frá landsþjónustu og almannatengslanefnd Al-Anon samtakanna á Íslandi þar sem óskað er eftir fundi með landsþjónustu og almanna tengslanefnd AA-samtakanna. LPN fól Upplýsingarnefnd að bjóða Al-anon samtökunum upp á fund og funda með þeim. Ákveðið að bjóða fulltrúum þeirra að mæta á næsta fundi Upplýsingarnefndar LPN **12. desember n.k. kl. 19:30** og mun J. skrifa þeim bréf þess efnis.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 12.12.2007**, kl. 19:30 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík. **Athugið breyttan fundardag og fundartíma !!!**

Á fundinum liggur fyrir:

- Heimsókn fulltrúa Al-Anon samtakanna.
- Vetrarstarfið áframhaldandi umræða.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., fimmtudaginn 13.12.2007:

Mættir: J. og Ei. **Forföll boðuðu:** AÓ., E., I. og R.

Á fundinum mættu frá Al-Anon:

B., alþjóðafulltrúi (fyrirverandi formaður Alateen nefndar og aðalþjónustunefndar) og EH., formaður almannatengslanefndar. Þriðji fulltrúinn hafði ætlað að koma, en boðaði forföll.

Rædd var um uppbyggingu og starfsemi beggja þessara skildu samtaka og voru þær umræður bæði gagnlegar og fræðandi. Jafnframt var rætt um samstarf samtakanna og hvort hugsanlegt væri meira samstarf varðandi kynningu samtakanna gagnvart almenningi og þær takmarkanir, sem 6. og 7. erfðavenja AA-samtakanna setja slíku samstarfi. Málin voru hvergi nærri útrædd og æskilegt að hafa a.m.k. annan sameiginlegan fund til þess að halda þeim áfram.

Engar ákvarðanir voru teknar og ekki ákveðin dagsetning nýs fundar.

Fleira ekki gert

Næsti fundur Upplýsingamefndar LPN: **Miðvikudaginn 9.01.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík. **Athugið breyttan fundardag !!!**

Á fundinum liggur fyrir:

- Rætt um heimsókn fulltrúa Al-Anon samtakanna.
- Vetrarstarfið áframhaldandi umræða.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 9.01.2008:

Mættir: Ei., E., G A., I., J. og R.; AÓ. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

- Heimsókn fulltrúa Al-Anon samtakanna á síðasta fundi. Greint frá því helsta, er þar kom fram og lagt fram til kynningar tölvubréf frá B. ásamt skipuriti sem útskýra þjónustu-uppbyggingu Al-Anon á Íslandi, svo og erindi fyrrverandi alþjóðafulltrúa um samstarf Al-Anon m.a. við AA fyrr og nú. Erindið var flutt á samráðsfundi alþjóðafulltrúa Al-Anon í Brasilíu árið 2004. Samþykkt var að bjóða Al-Anon fulltrúunum aftur seinna á fund með Upplýsingarnefndinni til frekara skrafs og ráðagerða. J. var falið að láta fulltrúa Al-Anon vita af því og bjóða þeim til fundarins þegar þar að kemur.
- GA. mætti á fundinn, sem fulltrúi frá SAAS, en starfsemi upplýsingarnefndar SAAS hefur legið niðri undanfarið. Þar er einhver beygur við að hefja starfsemi að nýju, er farið gæti úr böndum og orðið hurðarás um öxl. Bent á Handbókina og það, að Upplýsingarnefnd LÞN sé reiðubúin til samstarfs, aðstoðar og leiðbeiningar. G. ætlar að mæta á mánaðarlega fundi Upplýsingarnefndar, a.m.k. meðan ekki er um annan að ræða, og vera tengiliður við SAAS.
- Rætt um væntanlega heimasíðu AA-samtakanna á Íslandi og hvernig hægt yrði að nota hana til þess að miðla upplýsingum t.d. með því að hafa þar krækjur inn á aðrar síður t.d. heimasíður Al-Anon og Al-Ateen, svo og *Hálmstráíð*, sem yrði þá gefið út á Netinu, en ritstýrt af ritstjórn ábyrgri gagnvart LÞN. Þar gætu birst ýmsar tilkynningar og fréttir varðandi atriði og uppákomur tengdar AA-starfi.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 06.02.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Svæðisbundnar upplýsingarnefndir.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 6.02.2008:

Mættir: Ei., I. og J.; R. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

- Rætt var um **stað-/svæðisbundna** upplýsingarnefnd SAAR, hvernig hægt væri að aðstoða svæðisnefndina við að koma henni aftur á laggirnar. Í því sambandi rætt um hversu mikilvægt sé að einhver frá SAAR mæti á fundina hjá Upplýsingarnefnd LPN svo nefndin geti fylgst með því hvað er í gangi varðandi svæðisbundnu upplýsingarnefndina. Komist hún ekki aftur á laggirnar þarf Upplýsingarnefnd LPN að uppfylla þær skuldbindingar, sem svæðisbundna upplýsingarnefndin var búin að taka á sig gagnvart þeim aðilum, sem hún hafði sett sig í samband viðvar og heimsótt.

J. var falið að hafa samband við E. og biðja hann að nálgast GA. og fá hann til að mæta á fundi Upplýsingarnefndar LPN sem tengiliður við SAAR a.m.k. þar til svæðisbundin upplýsingarnefnd er tekin til starfa svo við getum fylgst með hvernig gengur með það.

- I. boðaði forföll á næsta mánaðarlega fundi nefndarinnar vegna veru erlendis.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 05.03.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Framhalds umræða um svæðisbundnar upplýsingarnefndir.
- Ný heimasíða AA á Íslandi.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 5.03.2008:

Mættir: J. og R.; Ei. og I. boðuðu forföll.

Fundurinn var heldur fámennur þar sem aðeins tveir mættu. Fyrirhugað var að ræða um svæðisbundnar upplýsingarnefndir og þá hvernig hægt væri að hjálpa upplýsingarnefnd SAAR af stað aftur. Von var á fulltrúa frá SAAR á fundinn, en það brást að hann kæmi. Einnig hafði staðið til að ræða um það, hvernig hægt verði að nýta heimasíðu Samtakanna til dreifingar upplýsinga fyrir Upplýsingarnefnd LÞN. Ráð hafði verið gert fyrir því, að heimasíðan væri komin í gagnið, en svo var ekki. Þetta allt leiddi til þess, að fátt varð um umræður um upplýsingarnefndar mál á fundinum og umræður meira almenns eðlis og ekki ástæða til að tíunda þær hér nema:

Þetta helst: Fundarmenn voru sammála um það, að samkvæmt AA-hefð fellur fundur aldrei niður svo lengi sem einn félagi mætir!

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 02.04.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Framhalds umræða um svæðisbundnar upplýsingarnefndir.
- Ný heimasíða AA á Íslandi.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 2.04.2008:

Mættir: J. og R.; Ei., E. og I. boðuðu forföll.

Fámennur fundur, aðeins tveir mættu, en tveir höfðu boðað forföll.

Fyrir fundinum lá bréf, framsent af skrifstofu Samtakanna á Íslandi. Bréfið er frá Sambandi Íslenskra Framhaldsskólanema (SÍF) og kynnir forvarnardag framhaldsskólanna, er haldinn verður miðvikudaginn 9. apríl n.k. Verður af því tilefni haldin sameiginleg skemmtun á kaffihúsinu 'Rót' í Hafnarstræti. Óskað er eftir því, að AA-samtökin, ásamt nokkrum öðrum samtökum og stofnunum, er öll starfa að forvörnum, taki þátt í þessu og "sendi fulltrúa á svæðið til að vera með einhverskonar kynningu eða fræðslu".

Rætt var efni bréfsins og óskir um þátttöku AA-samtakanna í fundi SÍF. Urðu niðurstaðöður þessar: 1) AA-samtökin eru ekki forvarnarsamtök og eiga því takmarkað erindi á þennan fund. 2) Þau eru samtök einstaklinga, sem orðnir eru alkóhólistar. 3) Þau haldar sig utan við þras og þrætur og taka ekki afstöðu til opinberra mála, þar með talin áfengismál og áfengismálastefna hins opinbera svo og áfengisneysla þeirra, sem ekki eru alkóhólistar. 4) Á hinn bóginn væri hægt að "mæta á svæðið" og útbýta upplýsingum um AA-samtökin og AA-leiðina til áhugasamra þátttakenda.

J. mun hafa samband við sendanda bréfsins.

Rætt var um þjónusturáðstefnuna, sem er eftir rúmlega 6 vikur, en huga þarf að skýrslu fyrir hana.

Samkvæmt starfsreglum Upplýsingarnefndar ^(þ.r. 2004) þarf á þjónusturáðstefnunni að kjósa nýja meðlimi í Upplýsingarnefnd í stað þess, sem er að ljúka tveggja ára starfs-tíma (R.) og þeirra, sem eru hættir að starfa í nefndinni (SE. og AÓ.). LÞN þarf síðan, á fyrsta fundi sínum, að tilefna þrjá meðlimi til setu í Upplýsingarnefnd, þar af einn ei-alka og einn úr Útgáfunefnd.

Þá vill oddamaður láta þess getið, að **hann verður staddur erlendis á fyrsta miðvikudegi maímánaðar og vildi því helst fresta næsta fundi um viku (til 14. maí)**, ef enginn hefur á móti því. Að öðrum kosti verður einhver annar nefndarmanna að taka að sér fundarstjórn.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 14.05.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík. **Athugið breyttan fundardag!!!**

Á fundinum liggur fyrir:

- Þjónusturáðstefna AA-samtakanna á Íslandi 17. maí 2008.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 14.05.2008:

Mættir: Ei., E., I. og J.

Eftirfarandi var til umræðu:

- Rætt var um þjónusturáðstefnuna, sem verður n.k. laugardag..
- Farið var yfir uppkast oddamanns að skýrslu yfir síðastliðið starfsár og voru smávægilegar breytingar og leiðréttingar gerðar á uppkastinu.
- Skýrslan verður flutt á Þjónusturáðstefnunni og mun E. flytja hana.
- Ákveðið var, að E. leiði Upplýsingarhópinn á Landsþjónusturáðstefnunni meðan I. og J. taka þátt í fyrsta fundi hinnar nýju LPNefndar.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 4.06.2008**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Það, sem kom fram á Þjónusturáðstefna AA-samtakanna á Íslandi 17. maí sl.
Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.